

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hlíðarendi 20-26 (Haukahlíð 5).

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. október 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulags Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 20-26 við Hlíðarenda. Í breytingunni felst m.a. að valkvætt er að byggja bílageymslu fyrir atvinnuhúsnæði á jarðhæð eða í bilakjallara. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hraunbær 103A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 2. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 103A við Hraunbæ. Í breytingunni felst m.a. hækkun á nýtingarhlutfalli ofanjarðar úr 1,7 í 1,8 og fjölgun bílastæða úr 22 stæðum í 28. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 7. nóvember 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2018